Annað. Meginorsök hækkunarinnar á þessum lið, 1.5 m.kr., er kostnaðaraukning við fasteignir rannsóknastofnana byggingariðnaðarins og landbúnaðarins á Keldnaholti, en slíkur kostnaður er færður á skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna.

04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Málefnaflokkar, er heyra undir þetta ráðuneyti, breytast þannig:

	Breyting frá fjárl. 1968	Lækkun skv. lögum nr. 5/1968
Yfirstjórn	÷ 0.4	0.2
Dómgæzla, lögreglumál, o. fl.	÷ 36.0	29.5
Heilbrigðismál	49.0	0.7
Þjóðkirkjan	÷ 0.1	0.7
Annað	0.2	
Samtals	12.7	31.1

Dómgæzla, lögreglumál, o. fl. Lækkun frá fjárlögum 1968 nemur 36.0 m.kr., en þar sem útgjöld í þessum málefnaflokki voru lækkuð um samtals 29.5 m.kr. með lögum nr. 5/1968, er lækkunin raunar 6.5 m.kr. Helztu breytingar á liðum innan málefnaflokkisins eru þessar:

Kostnaður við breytingu í hægri umferð var áætlaður 34.6 m.kr. í fjárlögum 1968. Á móti voru tekjur af sérstökum bifreiðaskatti áætlaðar 16.2 m.kr., en ákveðið var með sérstökum lögum að fjárnagna mismuninn, 18.4 m.kr., með lán-töku. Gert er ráð fyrir, að sérstakur bifreiðaskattur, 17.0 m.kr., sem færður er tekna megin í fjárlög, gangi til endurgreiðslu á láninu, og eru þau útgjöld færð á liðinn „Ýmis lán ríkissjóðs“ undir fjármálaráðuneytinu. Fjárveiting til almanna-varna lækkar um 3.0 m.kr., en þar sem framkvæmd var sama lækkun eftir samþykkt fjárlaga 1968 með framangreindum lögum, er um óbreytta fjárveitingu að ræða. Kostnaður við löggæzlu er áætlaður 4.1 m.kr. lægri en í fjárlögum 1968, en miðað við lækkun þess liðs um 6.8 m.kr. með sérstökum lögum kemur fram 2.7 m.kr. hækkun, eins og nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við einstaka liði frumvarpsins hér á eftir. Á móti hækkar framlag til landhelgisgæzlu sökum fram-lags í landhelgissjóð um 4.2 m.kr., enda þótt um verulegan sparnað sé að ræða í rekstri, sbr. skýringar hér á eftir. Loks hækkar kostnaður við embætti sýslu-manna og bæjarfógeta utan Reykjavíkur um samtals 1.1 m.kr.

Heilbrigðismál. Á þessum málefnaflokki verður 49.0 m.kr. hækkun, sem stafar að verulegu leyti af því, að í sambandi við kerfisbreytingu á ríkisframfærslunni, sem komin er til framkvæmda, er framfærsla fávita nú á sviði þessa ráðuneytis, en útgjöld vegna þeirrar framfærslu eru áætluð 29.7 m.kr. árið 1968. Hins vegar á hækkunin rætur að rekja til aukningar framlaga til ríkisspítala, samtals 18.8 m.kr., og er þá miðað við sömu daggjöld og í fjárlögum 1968. Vísast til greinar-gerðar um þessi efni í athugasemdum við einstaka liði frumvarpsins hér á eftir.

05 Félagsmálaráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum á sviði þessa ráðuneytis:

	Breyting frá fjárl. 1968	Lækkun skv. lögum nr. 5/1968	Breyting vegna ráðst. tekjust.
Yfirstjórn	÷ 0.6	0.2	
Almannatryggingar	202.6		45.8
Húsnæðismál	22.8	5.7	28.8
Önnur félagsmál	156.3	2.5	0.9
Samtals	68.5	8.4	75.5

Yfirstjórn. Lækkunin, 0.6 m.kr., stafar af starfsmannafækkun í sambandi við tilfærslu ríkisframfærslunnar til Tryggingastofnunar ríkisins. Þá var gert ráð fyrir 0.2 m.kr. lækkun á útgjöldum aðalskrifstofu ráðuneytisins með lögum nr. 5/1968, þannig að raunveruleg lækkun nemur 0.4 m.kr.

Almannatryggingar. Framlög til Tryggingastofnunar ríkisins og atvinnuleysis-tryggingasjóðs hækka um 202.6 m.kr. Af þeirri hækkun stafa 45.8 m.kr. af auknum iðgjaldatekjum, sem teljast til ráðstafaðra tekjustofna, en í mismuninum, 156.8 m.kr., er meðtalinn kostnaður við ríkisframfærslu, sem nam 121.6 m.kr. í fjárlögum 1968. Aukning á beinu framlagi ríkissjóðs er því 35.2 m.kr., sem skiptast þannig: Til sjúkratrygginga að meðtalinni ríkisframfærslu 40.3 m.kr., til atvinnuleysistrygginga 4.0 m.kr., en sökum inneignar um s. l. áramót lækkar fram-lag til lífeyristrygginga um 9.2 m.kr. Framlag til sjúkratrygginga er hér áætlað samkv. eldri lögum, þar sem ekki er enn þá fengin niðurstaða um framkvæmd laga nr. 83/1967, um breytingu á almannatryggingalögum.

Húsnæðismál. Framlög til þessa málefnaflokkis hækka um 22.8 m.kr. frá fjárlögum 1968, en með lögum nr. 5/1968 var kostnaði við skyldusparnað, 5.7 m.kr., létt af Húsnæðismálastjórn, þannig að raunverulega er um 28.5 m.kr. hækkun að

ræða. Skýrist hún fyrst og fremst af áætlaðri hækkun ráðstafaðra tekjustofna, þ. e. launaskatts og byggingarsjóðsgjalda af innflutningi og tekju- og eignarskatti.

Önnur félagsmál. Á þessum málefnaflokki kemur fram 156.3 m.kr. lækkun, sem stafar einkum af áður nefndri tilfærslu á ríkisframfærslu, sem færð var undir þennan lið í fjárlögum 1968. Enn fremur lækkar liðurinn um 2.5 m.kr. vegna kostnaðar við framkvæmd orlofslaga, sem nú er borinn af Pósti og síma, sbr. lög nr. 5/1968, og merkir því ekki raunverulega lækkun. Loks lækka byggingarstyrkir til nokkurra félagssamtaka um samtals 4.6 m.kr.

06 Fjármálaráðuneytið. Málefnaflokkar, sem tilheyra fjármálaráðuneytinu, breytast sem hér segir:

	Breyting frá fjárl. 1968	Lækkun skv. lögum nr. 5/1968	Breyting vegna ráðst. tekjust.
Yfirstjórn	1.3	0.4	0.8
Toll- og skattheimta	2.0		0.3
Lífeyrissj., styrktarfé og eftirl. ..	÷ 6.4		
Annað	19.3	11.0	÷ 1.0
Samtals	16.2	11.4	0.1

Yfirstjórn. Kostnaður við yfirstjórn hækkar um 1.3 m.kr. frá fjárlögum 1968. Af lækkun á kostnaði við stjórnarráðið með lögum nr. 5/1968 komu 0.4 m.kr. í hlut aðalskrifstofu ráðuneytisins, þannig að hækkunin verður 1.7 m.kr. miðað við það. Af þeirri hækkun stafa 0.8 m.kr. af hækkun ráðstafaðs tekjustofns, sérstaks bifreiðaskatts vegna hægri umferðar, sem nú rennur til endurgreiðslu láns eins og fyrr greinir. Að öðru leyti á hækkunin rætur að rekja til aukinna vaxtagreiðslna af ýmsum lánnum ríkissjóðs svo og vegna nýtingar skýrsluvéla í sambandi við ríkisbókhaldið.

Toll- og skattheimta. Á þessum flokki verður 2.0 m.kr. hækkun, sem stafar að verulegu leyti af verðlagsuppbótum á laun í viðkomandi stofnunum, en 0.3 m.kr. af hækkuninni eiga rætur að rekja til hækkunar á ráðstöfuðum tekjustofni, tollstöðvargjaldi.

Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun. Framlög til lífeyrissjóða munu hafa verið ofáætluð í fjárlögum 1968, og stafar lækkunin á þessum málefnaflokki, 6.4 m.kr., að mestu leyti af því.

Annað. Hér kemur fram 19.3 m.kr. hækkun, og með tilliti til 10.0 m.kr. lækkunar á framlagi til ríkisábyrgðasjóðs með lögum nr. 5/1968 verður hækkunin 30.3 m.kr., en ráðstafaður tekjustofn, áhættuiðgjald vegna ríkisábyrgða, lækkar um 1.0 m.kr.

Vextir af yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Seðlabankanum hækka um 10.0 m.kr., og tekinn er inn nýr liður, dómkröfur og málskostnaður, 1.0 m.kr. Loks hækkar framlag til ríkisábyrgðasjóðs um 9.0 m.kr. frá fjárlögum 1968, en um 19.0 m.kr. með tilliti til framangreindrar lækkunar á framlagi árið 1968.

07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið. Á málefnaflokkum, sem tilheyra þessu ráðuneyti, verða þessar breytingar:

	Breyting frá fjárl. 1968	Lækkun skv. lögum nr. 5/1968	Breyting vegna ráðst. tekjust.
Yfirstjórn	0.1	0.1	
Vegamál	159.2		165.9
Önnur samgöngumál	17.4	1.5	
Iðnaðarmál	÷ 0.2		0.7
Annað	÷ 0.5		
Samtals	176.0	1.6	166.6

Vegamál. Framlög til vegamála hækka um 159.2 m.kr. Skýrist sú hækking af ráðstöfuðum tekjustofnum, er renna í vegasjóð, samtals 165.9 m.kr., en mismunurinn á hækkingu tekna og útgjalda, 6.7 m.kr., er vegna lækkunar á beinu framlagi ríkissjóðs um sömu upphæð, annars vegar lækkun á framlagi til Kísilvegum um 7.3 m.kr. og hins vegar hækkingu á öðrum beinum framlögum um 0.6 m.kr. Hér er um bráðabirgðatölur varðandi tekjur og gjöld vegasjóðs að ræða, þar sem vegaáætlun liggur ekki fyrir við gerð fjárlagafrumvarps. Visast að öðru leyti til athugasemda við Vegagerð ríkisins hér á eftir.

Önnur samgöngumál. Meginbreytingarnar innan þessa málefnaflokks eru 25.0 m.kr. hækking vegna smíði tveggja strandferðaskipa og 8.1 m.kr. lækkun á vitamálum í sambandi við yfirtöku Landhelgisgæzlunnar á rekstri vitaskipsins „Árvakurs“. Þá voru með lögum nr. 5/1968 lækkuð framlög til Ferðaskrifstofu ríkisins um 0.9 m.kr. og til vitabygginga um 0.6 m.kr., og er miðað við, að sú lækkun haldist í fjárlögum 1969.

08 Viðskiptaráðuneytið. Helztu breytingar á málefnaflokkum, er tilheyra viðskiptaráðuneytinu, eru þessar:

	Breyting frá fjárlögum 1968
Yfirstjórn	1.4
Niðurgreiðslur	1.0
Annað	÷ 0.2
	2.2
Samtals	2.2

Yfirstjórn. Hækking á þessum lið, 1.4 m.kr., stafar að mestu af kostnaði vegna athugasemda á aðild að EFTA, 0.8 m.kr., og vegna tveggja nefnda um athugun á verðmyndun og samkeppnishömlum, 0.4 m.kr.

Niðurgreiðslur. Sú 1.0 m.kr. hækking, sem áætluð er á niðurgreiðslum, er einungis afleiðing eðlilegrar neyðluaukningar í sambandi við fólksfjölgun.

09 Hagstofa Íslands. Hækking 0.7 m.kr. og

10 Ríkisendurskoðun, hækking 0.2 m.kr., stafar að mestu af verðlagsuppbótum á laun.

Tekjuhlöð.

Sökum mikillar óvissu um efnahagshorfur á árinu 1969 við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins, er tekjuáætlun óvenjumiklum vandkvæðum bundin. Verður raunar að líta á tekjuáætlun frumvarpsins með allmiklum fyrirvara, og er gert ráð fyrir, að hún verði endurskoðuð, þegar líður að samþykkt fjárlaga og horfur í efnahagsmálum taka að skýrast. Þessi áætlun er í stórum dráttum byggð á svipuðu atvinnustigi og umfangi viðskipta og á yfirstandandi ári.

Heildartekjur á rekstrarreikningi eru áætlaðar 6 592.1 m.kr., sem er 350.6 m.kr. hækking frá fjárlögum 1968, eða 5.6%. Fyrirfram ráðstafaðir tekjustofnar nema 1 469.4 m.kr., en það er 240.9 m.kr. hækking frá fjárlögum 1968, eða 19.6%. Stafar sú hækking að verulegu leyti af hækkingu tekjustofna, er renna í vegasjóð. Tekjur að frátöldum ráðstöfuðum tekjustofnum hækka því um 109.7 m.kr., eða 2.2%.

Persónuskattar. Skv. frumvarpinu hækka persónuskattar um 46.0 m.kr., er stafar einkum af þeirri 10% hækkingu gjalda til almannatrygginga, sem framkvæmd var um s. l. áramót.

Eignarskattar. Eignarskattar hækka um 3.1 m.kr., og er þá gert ráð fyrir óbreyttri skattgjaldseign frá 1968 og líku innheimtuhlutfalli. Hækkunin stafar þannig eingöngu af aukinni innheimtu eftirstöðva, en sem kunnugt er hækkuðu eignarskattar að mun á árinu 1968.

Tekjuskattar. Tekjuskattar hækka um 47.3 m.kr. Tekjuskattur einstaklinga hækkar um 55.0 m.kr., en tekjuskattur félaga lækkar um 8.1 m.kr. Er þá gert ráð fyrir 4% hækkingu álagningar og óbreyttu innheimtuhlutfalli á skatti einstaklinga,

en óbreyttri álagningu og nokkurri lækkun innheimtueftirstöðva af skatti félaga. Þá verður 0.4 m.kr. hækkun á byggingarsjóðsgjaldi.

Gjöld af innflutningi. Þessi skattaflokkur hækkar um 139.0 m.kr. Aðflutningsgjöld hækka um 49.4 m.kr., aðflutningsgjald af sjónvarpstækjum um 10.0 m.kr., tekjur vegasjóðs af gúmmígjaldi og innflutningsgjaldi af benzíni um 88.7 m.kr. Hins vegar lækkar gjald af bifreiðum og bifhjólum um 10.0 m.kr., en nettóhækkun á öðrum liðum nemur 0.9 m.kr.

Gjöld af framleiðslu. Heildarhækkun á þessum lið, þ. e. gjöld af innlendum tollvörum, sælgætisgjald og flöskugjald, nemur 3.9 m.kr.

Gjöld af seldum vörum og þjónustu hækka í heild um 21.9 m.kr. Söluskattstekjur eru áætlaðar 14.7 m.kr. lægri en í fjárlögum 1968, en þar var reiknað með 45.0 m.kr. vegna söluskatts á þjónustu pósts, síma og útvarps, sem síðar var fallið frá að leggja á, þannig að raunverulega er um 30.3 m.kr. hækkun að ræða. Launaskattur er áætlaður 28.0 m.kr. hærri en í fjárlögum 1968 sökum vanáætlunar þar. Áætluð er 22.5 m.kr. aukning á rekstrarhagnaði ÁTVR, m. a. vegna verðhækkunar á áfengi og tóbaki snemma árs 1968. Loks lækkar síldargjald um 10.8 m.kr., en tekjur af gjaldinu voru hækkaðar vegna mistaka í meðförum þingsins í fyrra, og hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum lækkar um 2.4 m.kr. Óverulegar breytingar verða á öðrum liðum, eða 0.7 m.kr. lækkun í heild.

Aðrir óbeinir skattar. Bifreiðaskattur, sem rennur í vegasjóð, hækkar um 77.2 m.kr., en litlar breytingar verða á öðrum liðum, eða samtals 5.7 m.kr. hækkun, þannig að í heild hækkar þessi flokkur skatta um 82.9 m.kr.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta. Á þessum lið kemur fram 8.6 m.kr. hækkun, þar af 2.3 m.kr. frá Frihöfninni á Keflavíkurflugvelli og 4.5 m.kr. frá Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli, en þar hafa tekjur verið hækkaðar um 3.5 m.kr., sem áætlaðar voru til fjárfestingarframkvæmda. Er gert ráð fyrir, að þingið taki ákvörðun um þetta mál, þegar nánari upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir liggja fyrir. Loks er tekinn inn nýr liður, Landshafnir, en þar er um að ræða það fjármagn, sem er til ráðstöfunar úr rekstri hafnanna, og er ætlazt til, að það gangi til endurgreiðslu landshafnalána.

Ýmsar tekjur. Á liðnum verður 2.1 m.kr. lækkun. Vaxtatekjur eru áætlaðar 5.0 m.kr. lægri en í fjárlögum 1968, en inn kemur nýr liður, tekjur af sameignum ríkisins, 2.7 m.kr. Að öðru leyti er um óverulegar breytingar að ræða.

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins.

00 Æðsta stjórn ríkisins.

- 101 **Embætti forseta Íslands.** Allir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1968.
- 201 **Alþingi.** Þingfararkaup alþingismanna hækkar um 1 600 þús. kr. vegna hækkunar launa, húsnæðiskostnaðar svo og dvalar- og ferðakostnaðar. Er hér um að ræða hækkun, sem orðið hefur frá árinu 1967. Hins vegar lækkar annar kostnaður verulega, einkum vegna þess að lokið er umfangsmiklum viðgerðum á Alþingishúsinu, þannig að heildarfjárveiting lækkar um 276 þús. kr.
- 401 **Hæstiréttur.** Laun hæstaréttardómara eru færð undir þennan lið, en eðlilegra þykir, að liðurinn sé undir æðstu stjórn ríkisins heldur en dómsmálaráðuneytinu, svo sem var í fjárlögum 1968.

01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Undir þennan lið eru færðar fjórar deildir menntamálaráðuneytisins, og er það breyting frá uppsetningu í fjárlögum 1968. Kostnaður við skólarannsóknir hækkar um 251 þús. kr. vegna ráðningar nýs sérmenntaðs starfsmanns og útgáfukostnaðar. Kostnaður við aðrar deildir lækkar um svipaða upphæð, þannig að í heild er um óbreytta fjárveitingu að ræða.
- 102 **Efnahagsstofnunin.** Liðurinn hækkar um 241 þús. kr., sem er afleiðing af sí-

- vaxandi verkefnum, er stofnuninni eru fengin í hendur. Er hér um að ræða þriðja hluta við rekstur stofnunarinnar, sem borinn er af ríkissjóði.
- 201 **Háskóli Íslands.** Heildarhækkun fjárveitingar til háskólans nemur 3 millj. kr. Meginorsökinn er sú, að tekin verður upp kennsla í náttúrufræði við verkfræðideild, og er kostnaður við hana áætlaður 1 250 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir að auka starfslið á skrifstofu um ritara og fulltrúa, sem m. a. mun hafa með höndum skrásetningu stúdenta og umsjón með prófum, en sýnt er, að óbreytt starfslið skrifstofunnar hefði vart annað hinum síauknu verkefnum. Þá er bætt við dósentsembætti í almennum bókmenntum. Kostnaðarauki vegna starfsliðs á skrifstofu og dósentsembættis er 472 þús. kr., og aukning vegna stundakennslu og verðlagshækkana nemur 870 þús. kr. Rekstrarkostnaður hækkar að öðru leyti um rösklega 400 þús. kr. vegna verðlagshækkana.
- 202 **Tilraunastöð háskólans á Keldum.** Launaliður hækkar um 1 064 þús. kr., annars vegar vegna ráðningar eins lækni og tilfærslu starfsmanns á lækna-kjör, 828 þús. kr., og hins vegar vegna verðlagsuppbótar og aldursflokka-hækkana, 236 þús. kr. Aðrir liðir hækka um 86 þús. kr. nettó, þannig að heildarhækkun útgjalda nemur 1 150 þús. kr. Hins vegar hækka tekjur um svipaða upphæð, þannig að fjárveiting er nánast óbreytt.
- 203 **Raunvísindastofnun Háskólans.** Liðurinn hækkar um 680 þús. kr., þar af laun 508 þús. kr. vegna ráðningar nýs sérfræðings og verðlagshækkana, og önnur rekstrargjöld um 172 þús. kr.
- 205 **Handritastofnun Íslands.** Liðurinn hækkar um 232 þús. kr. vegna nýs sérfræðings, sem látið hefur af störfum í Árnasafni, en samkomulag hafði verið gert um það, að sérfræðingar í Árnasafni verði samþykktir sem starfsmenn handritastofnunar, eftir því sem þeir létu af störfum í Kaupmannahöfn.
- 271 **Reiknistofnun Háskólans.** Hækkun á þessum lið nemur 424 þús. kr. vegna þess að gert er ráð fyrir ráðningu í eitt og hálf sérfræðingsstarf. Miðast sú ráðstöfun við það, að stofnunin verði undir það búin að taka í vaxandi mæli að sér rannsóknir fyrir opinbera aðila og aðra. Er ráðgert, að á næsta ári geri stofnunin ýmsar athuganir og rannsóknir á sviði heilbrigðismála, er orðið gætu grundvöllur að bættum rekstri og skipulagi þeirra mála.
- 301 **Menntaskólinn í Reykjavík.** Fjárveiting til skólans er áætluð 1 544 þús. kr. hærrí en í fjárlögum 1968, sökum þess að fimm nýjum bekkjardeildum verður bætt við haustið 1968.
- 302 **Menntaskólinn á Akureyri.** Liðurinn hækkar um 888 þús. kr., þar af vextir af byggingarlánum 208 þús. kr. Mismunurinn, 680 þús. kr., er fólgin í hækkun launaliðs um 382 þús. kr. og annarra rekstrargjalda, 298 þús. kr., og stafar af fjölgun bekkjardeilda og nokkurri vanáætlun í fjárlögum 1968.
- 302 **Menntaskólinn á Akureyri.** Liðurinn hækkar um 888 þús. kr., þar af vextir af byggingarlánum 111 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa-hækkanir sökum verðlagsuppbótar.
- 303 **Menntaskólinn á Laugarvatni.** Af hækkuninni, 333 þús. kr., eru vextir af byggingarlánum 111 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa-hækkanir sökum verðlagsuppbótar.
- 304 **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Hækkun áætlaðrar fjárveitingar nemur 4 664 þús. kr., en nemendum fjölgar um 160 í sjö bekkjardeildum haustið 1968.
- 321 **Kennaraskólinn.** Liðurinn hækkar í heild um 1 489 þús. kr. Liðirnir vextir og gjaldfærður stofnkostnaður lækka um samtals 558 þús. kr., þannig að aðrir rekstrarliðir hækka um rösklega 2 millj. kr., en veruleg aukning verður á kennarafjölda og nemendum skólans haustið 1968.
- 322 **Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraskólans. Byggingarstyrkur.** Gert er ráð fyrir 5 millj. kr. framlagi ríkisins árið 1969, sem er 700 þús. kr. lægra en í fjárlögum 1968. Er þá gert ráð fyrir, að með 2,4 millj. kr. framlagi ríkisins árið 1970 muni byggingunni ljúka á því ári.

- 336 **Húsmæðrakennaraskóli Íslands.** Hækkun á þessum lið nemur 153 þús. kr., einkum vegna aukinnar stundakennslu, en nemendum fjölga um helming haustið 1968.
- 401 **Fræðslumálaskrifstofan.** Fjárveiting er áætluð 1 627 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1968. Kostnaður við yfirstjórn lækkar um 767 þús. kr., vegna þess m. a. að hluti af starfseminni hefur flutzt yfir á aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins. Liðurinn námsstjórar lækkar um 1 284 þús. kr. í samræmi við lög nr. 5/1968 um lækkun ríkisútgjalda. Á móti hækkar kostnaður við sundskyldu í skólum um 300 þús. kr. og aðrir liðir um 124 þús. kr. samtals.
- 422 **Ríkisútgáfa námsbóka.** Kostnaður við rekstur er áætlaður 1 270 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1968 vegna aukningar á bókaútgáfu. Þar sem afborganir lána lækka um 1 040 þús. kr. verður hækkun fjárveitingar að meðtöldum tekjum af námsbókagjaldi 230 þús. kr., og er þá miðað við sama námsbókagjald og 1968.
- 431 **Iðnfræðsluráð.** Liðurinn hækkar um 192 þús. kr., þar af 47 þús. kr. vegna hækkunar á þóknun til iðnfulltrúa, 50 þús. kr. vegna nauðsynlegs útbúnaðar í spjaldskrá og 95 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar á laun og aukins rekstrarkostnaðar.
- 501 **Tækniskólinn.** Fjárveiting er áætluð 2 364 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1968 og stafar af minni byggingarframkvæmdum, sem námu 4,5 millj. kr. árið 1968. Er nú tekin inn fjárveiting að upphæð kr. 1 750 þús. kr. til að ljúka innréttingum á húsnæði skólans. Starfsemi skólans verður óbreytt að öðru leyti en því, er varðar fjölgun nemenda, og stafar hækkun rekstrarkostnaðar um 386 þús. kr. af þeirri fjölgun.
- 514 **Iðnfræðsla.** Kostnaður við iðnfræðslu er áætlaður um 100 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1968. Heildarkostnaður nemur 22 104 þús. kr., þar af 16 564 þús. kr. rekstrarkostnaður og 5 540 þús. kr. stofnkostnaður, sem er óbreyttur frá fjárlögum 1968.
- 521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Liðurinn hækkar um 777 þús. kr., þar af vextir af byggingarlánum 121 þús. kr. Mismunurinn, 656 þús. kr., stafar af aukinni stundakennslu og verðlagsuppbótum á laun, 426 þús. kr., gjaldfærðum stofnkostnaði, 170 þús. kr. (sem er þegar áfallinn kostnaður), og annar kostnaður hækkar um 160 þús. kr. Nemendum við skólann mun fjölga um 30 haustið 1968.
- 541 **Húsmæðraskólinn í Reykjavík.** Liðurinn hækkar um tæplega 500 þús. kr., einkum vegna tilfærslu viðhalds af sameiginlegum kostnaði húsmæðraskólanna.
- 608 **Gagnfræðamenntun.** Kostnaður er áætlaður 7 839 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1968. Heildarupphæðin er 161 365 þús. kr., þar af 149 931 þús. kr. vegna rekstrar, og kemur öll kostnaðarhækkunin fram á þeim lið. Stofnkostnaður er áætlaður hinn sami og í fjárlögum 1968, þ. e. 11 434 þús. kr.
- 622 **Héraðsskólinn á Núpi.** Gert er ráð fyrir að fresta byggingarframkvæmdum á Núpi árið 1969, og lækkar fjárveiting vegna stofnkostnaðar af þeim sökum um 2 550 þús. kr. Inn er tekin 2 millj. kr. fjárveiting til þess að greiða stofnkostnað. sem áfallinn verður í árslok 1968. Rekstrarliðir hækka um 370 þús. kr., einkum vegna vanáætlunar fyrir árið 1968, þannig að nettólækkun fjárveitingar nemur 2 180 þús. kr.
- 631 **Heyrnleysingjaskólinn.** Mjög veruleg aukning verður á starfsemi skólans haustið 1968, þar sem nýr árgangur 4 ára barna hefur þá nám, og mun nemendafjöldi aukast úr 25 í 55. Af þessum sökum er gert ráð fyrir að ráða 6 nýja kennara og 7 manns í heimavist skólans. Er þetta meginorsök þess, að launaliður hækkar um 1 878 þús. kr. Þá hefur íbúð skólastjóra í skólahúsinu verið keypt, og verður hún gerð að heimavist nemenda. Er kostnaður við breytingu íbúðarinnar og nauðsynleg áhaldakaup áætluð 566 þús. kr.,

- þannig að stofnkostnaður eykst um 489 þús. kr. frá fjárlögum 1968. Annar kostnaður hækkar um 114 þús. kr., m. a. vegna þess að tekið hefur verið á leigu húsnæði fyrir kennslu. Heildaraukning fjárveitingar verður þannig 2 481 þús. kr.
- 649 **Barnafræðsla.** Kostnaður við barnafræðslu hækkar um 32 748 þús. kr. og verður í heild 359 974 þús. kr. Rekstrarkostnaður er 260 020 þús. kr. og hækkar um 33 546 þús. kr. Stofnkostnaður er 99 954 þús. kr. og lækkar um 791 þús. kr., þar af eru 84 954 þús. kr. framhaldsfjárveitingar, og 15 000 þús. kr. eru ætlaðar til nýrra skóla almennt og nýrra áfanga.
- 650 **Til endurgreiðslu rekstrarkostnaðar skóla fyrir janúar—ágúst 1968.** Hér er um að ræða kostnað, sem ríkissjóður hefur greitt eftir á skv. lögum nr. 41/1955, en skv. hinum nýju skólakostnaðarlögum (nr. 49/1967) verður kostnaður þessi, þ. e. ljós, hiti, ræsting og annar rekstrarkostnaður, svo og aukalaun að frádregnum fyrirframgreiðslum, greiddur úr ríkissjóði jafnóðum. Er því hér um að ræða greiðslu í eitt skipti fyrir öll fyrir tímabilið 1. janúar til 31. ágúst 1968, samtals 34 500 þús. kr.
- 771 **Upptökuheimilið í Kópavogi.** Fjárveiting er áætluð 634 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1968. Þá er ekki tekið með framlag til byggingarframkvæmda, þar sem ekki hafði horizt áætlun um kostnað við að fullgera bygginguna, er gengið var frá fjárlagafrumvarpinu.
- 772 **Lánasjóður íslenzkra námsmanna.** Framlag ríkissjóðs hækkar um 3 380 þús. kr., og er þá tekið tillit til fjölgunar námsmanna, verðlagshækkana innan lands og erlendis svo og áhrifa gengisbreytingarinnar í nóvember 1967 á ferðakostnað, en það hafði ekki verið gert að fullu í fjárlögum 1968, þar sem fargjöld höfðu að verulegu leyti verið greidd fyrir gengisbreytinguna.
- Með þessari aukningu fjárveitingar, svo og lántökum og aukningu eigin fjár sjóðsins verður unnt að auka lánveitingar um 9.7 millj. kr. frá árinu 1968.
- 781 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Liðurinn hækkar um 608 þús. kr., þar af framlag til Félagsstofnunar stúdenta um 593 þús. kr. og til starfsemi stúdenta um 15 þús. kr.
- 801 **Landsbókasafn.** Fjárveiting hækkar um 201 þús. kr. Kostnaður við bóka-kaup hækkar um 275 þús. kr., en ekki hafði verið tekið tillit til áhrifa gengisbreytingarinnar í fjárlögum 1968. Aðrir liðir hækka lítilliga vegna verðlagshækkana, en á móti lækkar viðhald um rösklega 100 þús. kr.
- 831 **Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd.** Fjárveiting lækkar um 500 þús. kr., og er þá miðað við óbreyttan kostnað frá 1968 með tilliti til laga nr. 5/1968 um lækkun ríkisútgjalda.
- 871 **Ríkisútlarp, sjónvarp, aðflutningsgjöld.** Áætlun í fjárlögum 1968 mun reynast talsvert of lág, og er útlit fyrir, að aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum verði 30 millj. kr. árið 1969, eða 10 millj. kr. hærrí en fjárlagatalan 1968.
- 872 **Þjóðleikhús, framlög.** Fjárveiting er óbreytt frá 1968. Er þá gert ráð fyrir sömu tekjum og í fjárlögum 1968, en þess ber að geta, að almennt rekstrarfé eykst nokkuð, m. a. vegna minni viðhaldskostnaðar.
- 873 **Sinfóníuhljómsveitin.** Framlag hækkar um 200 þús. kr., og er hér um að ræða hluta ríkissjóðs í eðlilegum verðlagsuppbótum á laun og kostnaði við endurbætur á hljómburði í hljómléikasal.
- 875 **Menningarsjóður.** Hækkunin, 200 þús. kr., er vegna áætlaðrar hækkunar á sektargjöldum, sem einnig færast sem tekjur í fjárlagafrumvarpinu.
- 876 **Byggingarsjóður safnahúss.** Hér kemur fram 1 millj. kr. lækkun, sem þó er ekki raunhæf m. t. t. laga nr. 5/1968 um lækkun ríkisútgjalda.
- 882 **Listir, framlög.** Liðurinn hækkar um 754 þús. kr., sem kemur þannig fram, að framlög til tónlistarskóla hækka um 884 þús. kr., til lúðrasveita um 50 þús. kr. og til listkynningar erlendis um 20 þús. kr., en niður fellur framlag til norrænnar tónlistarhátiðar, 200 þús. kr.

- 885 **Félagsheimilaskjöldur.** Hækkunin, 500 þús. kr., stafar af áætlaðri hækkun á hluta sjóðsins af skemmtanaskatti.
- 886 **Íþróttamál.** Liðurinn lækkar um 281 þús. kr. vegna þess, að framlag vegna þátttöku í Olympíuleikunum, 300 þús. kr., fellur niður, en lítilsháttar hækkun verður á öðrum liðum vegna verðlagsuppbótar á laun o. fl.
- 888 **Kaup og endurbætur á Viðeyjarstofu.** Gert er ráð fyrir 1 millj. kr. framlagi til endurbóta, þannig að lækkunin frá fjárlögum 1968 nemur 9 millj. kr., en með lögum nr. 5/1968 hafði fjárveiting verið lækkuð um 4 000 þús. kr.
- 899 **Ýmislegt.** Á þennan lið er færður kostnaður við jarðfræðirannsóknir, sem áður voru undir Rannsóknastofnun iðnaðarins, svo og kostnaður við sérstakar vísindarannsóknir, sem áður var undir Raunvísindastofnun Háskólans. Verið er að taka endanlega ákvörðun um framtíðarskipan þessara mála, en niðurstaða lá ekki fyrir við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Kostnaður við þessa starfsemi er áætlaður samtals 1 584 þús. kr. Þá eru undir þennan lið færð laun viðbótarkennara við barnaheimilið, Lyngási, sem áður voru greidd af almennum kennaralaunum, þ. e. 203 þús. kr. Út falla liðirnir minnisvarði um Stefán skáld Ólafsson, minnisvarði um Guðmund góða, styrkur til tímarits, sem einkum er ætlað til að gefa ungu fólki tækifæri að birta tilraunir sínar í listsköpun, og til Glímusambands Íslands til greiðslu kostnaðar við söfnun heimilda og útgáfu rits um sögu íslenzkrar glímu, samtals 145 þús. kr. Aðrar hækkunir nema 10 þús. kr., þannig að nettóhækkun á liðnum er 1 652 þús. kr.

02 Utanríkisráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður er áætlaður 939 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1968, m. a. vegna minni viðhaldskostnaðar á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað, svo og lækkunar á kostnaði við gerð kvikmyndar. Þess ber enn fremur að geta, að gert er ráð fyrir, að tveir starfsmenn sendiráða verði kallaðir heim, og eru laun þeirra, samtals 505 þús. kr., færð á þennan lið (sjá aths. við sendiráðin í Kaupmannahöfn og París).
- 102 **Varnarmáladeild.** Liðurinn lækkar um 408 þús. kr., m. a. vegna minni kostnaðar við varnarmálanefnd.
- 301 **Sendiráðið í Bonn.** Þessi liður lækkar um 695 þús. kr., sem stafar einkum af því, að í fjárlögum 1968 var sérstök fjárveiting vegna þess að skipta þurfti um þak á byggingu sendiráðsins svo og vegna bifreiðakaupa.
- 302 **Sendiráðið í Kaupmannahöfn.** Kostnaður lækkar um 651 þús. kr., m. a. vegna þess að fækkað verður um einn sendiráðsritara.
- 306 **Sendiráðið í París.** Lækkunin, 1 302 þús. kr., stafar af fækkun um tvo sendiráðsritara frá því, sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 1968. Auk þess lækkar viðhaldskostnaður nokkuð, en í athugun er að selja sendiráðsbústaðinn og kaupa annan hentugri, þar sem núverandi bústaður hefur reynzt mjög viðhaldsfrekur og mun reynast það áfram, eftir því sem horfir í því efni.
- 310 **Sendinefnd Íslands hjá NATO, Bruxelles.** Sendinefndinni var komið á fót í sambandi við flutning höfuðstöðva NATO þangað. Var í fjárlögum 1968 m. a. fjárveiting til ýmiss stofnkostnaðar, sem niður fellur nú, þannig að heildarkostnaður lækkar um 1 069 þús. kr.
- 400 **Þjóðastofnanir.** Á þessum lið verður 1 736 þús. kr. hækkun. Nýir liðir eru tillag til flóttamannaástoðar S.Þ. við Palestínuflóttamenn 570 þús. kr. og framlag vegna heimssýningar í Japan 1970 200 þús. kr. Auk þess hækka eftirtaldir liðir: Tillag til S.Þ. 490 þús. kr., tillag til tækniástoðar S.Þ. 340 þús. kr., tillag til NATO 276 þús. kr., framlag til I.L.O. 126 þús. kr., tillag til Evrópuráðsins 103 þús. kr., tillag til UNESCO 90 þús. kr., tillag til FAO 70 þús. kr. og annað 26 þús. kr. Á móti lækka eftirtaldir liðir: Þingmannasamband NATO 198 þús. kr., heimildarkvikmynd um Ísland á vegum kvikmynda-

deildar NATO 112 þús. kr., framlag til GATT 94 þús. kr., heimssýningin í Montreal 75 þús. kr., tillag til alþjóðakjarnorkumálastofnunar 49 þús. kr. og tillag til OECD 27 þús. kr.

03 Atvinnumálaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Liðurinn hækkar um 730 þús. kr., sem stafar að miklu leyti af því, að í tillögum til fjárlaga 1968 hafði láðst að áætla útgjöld vegna nefndarlausna, ferðakostnaðar og ýmissa óvissra útgjalda.
- 171 **Jarðeignir ríkisins, framlag.** Hækkunin, 400 þús. kr., stafar af því að auk venjulegs framlags þykir eðlilegt, að afgangur af ríkisjörðum renni til starfseminnar. Eru þau áætluð 400 þús. kr. í tekjuhlið frumvarpsins.
- 201 **Búnaðarfélag Íslands.** Fjárveiting er áætluð 524 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1968 vegna kostnaðarhækkana, sem dreifast á fjölmarga rekstrarliði. Er hér um að ræða um 2,6% hækkun fjárveitingar.
- 206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Liðurinn hækkar um 1 544 þús. kr., vegna endurbóta á Sámsstöðum 750 þús. kr., ráðningar matselju í mótuneytið á Keldnaholti 134 þús. kr., verðlagsuppbótar á laun 199 þús. kr., viðhalds rannsóknartækja o. fl. 150 þús. kr. og kostnaðarhækkunar margvíslegra annarra rekstrarliða á stofnuninni og tilraunabúum, 311 þús. kr.
- 241 **Landnám ríkisins.** Fjárveiting lækkar um 7 500 þús. kr. Með lögum nr. 5/1968 um lækkun ríkisútgjalda var fjárveiting til landnámsins lækkuð um 7 500 þús. kr., og er því raunar um óbreytta fjárveitingu að ræða.
- 246 **Veidimálaskrifstofan.** Liðurinn lækkar um 869 þús. kr., sem kemur þannig fram, að framlög til bygginga á vegum laxeldisstöðvar í Kollafirði lækka um 1 000 þús. kr., en á móti hækka laun og önnur rekstrargjöld um samtals 131 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar og annarra kostnaðarhækkana.
- 247 **Embætti yfirdýralæknis.** Lækkun á þessum lið nemur 721 þús. kr. Stafar lækkunin af því, að framlagi til útrýmingar búfjárjúkdóma, sem var á þessum lið í fjárlögum 1968, samtals 2 000 þús. kr., er skipt milli þessarar stofnunar og Sauðfjárveikivarna. Er talið eðlilegt að halda fjárveitingu í þessu skyni, jafnvel þótt notkun hennar sé ekki afráðin á þessu stigi máls.
- 286 **Landbúnaður, framlög.** Framlög hækka um 31 656 þús. kr. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækka um 22 000 þús. kr., jarðræktarframlög um 5 000 þús. kr., framræslustyrkir um 5 000 þús. kr. og framlög til búfjárræktar um 166 þús. kr. Á móti lækka framlög til fyrirhleðslna skv. áætlun vitamálastjóra um 510 þús. kr.
- 302 **Hafrannsóknastofnunin.** Liðurinn hækkar um 1 464 þús. kr., fyrst og fremst vegna aukningar fisk- og síldarleitar svo og þorskrannsóknna.
- 311 **Fiskmat ríkisins.** Með lögum nr. 5/1968 var ákveðið að lækka fjárveitingar til fiskmats og ferskfiskeftirlits um 3 000 þús. kr., og var gert ráð fyrir, að sá sparnaður næðist með sameiningu þessara stofnana og endurskipulagningu. Sameiningin hefur nú farið fram, og er talið, að fjárveitingin í heild geti lækkað um 4 000 þús. kr. á ársgrundvelli af þeim sökum.
- 374 **Aflatryggingasjóður.** Framlag til sjóðsins í fjárlögum 1968 var lækkað um 11 000 þús. kr. með lögum nr. 5/1968. Hér er gert ráð fyrir sömu fjárveitingu og 1968 eftir framangreinda lækkun, og verður leitað heimildar til þess í sérstöku lagafrumvarpi.
- 386 **Sjávarútvegur, framlög.** Lækkunin, 30 000 þús. kr., stafar af afnámi framlags til Fiskveiðasjóðs. Framlagið í fjárlögum 1968 var afnumið með lögum nr. 5/1968, og verður leitað framhaldsheimildar til þess í sérstöku lagafrumvarpi, ef auðið reynist að leysa fjárhagsörðugleika sjóðsins án sérstaks fjárlagaframlags.
- 399 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Liðurinn lækkar um 500 þús. kr., vegna þess að niður fellur framlag til sjóminjasýningar.

- 403 **Rafmagnseftirlit ríkisins.** Útgjöld stofnunarinnar hækka um 1 235 þús. kr., og stafar sú hækkun af miklum vexti í starfsemi, einkum í sambandi við stórframkvæmdirnar við Búrfell, Straumsvík og Mývatn. Hefur af þeim sökum m. a. orðið að lausráða tvo tæknifræðinga. Tekjur af útseldri vinnu koma til frádráttar, þannig að hrein aukning útgjalda nemur 935 þús. kr., en undir henni er staðið með rafmagnseftirlitsgjaldi, sem fært er teknamegin í fjárlagafrumvarpinu.
- 471 **Orkusjóður.** Fjárveiting lækkar um 1 940 þús. kr. Rafvæðing í sveitum lækkar um 40 þús. kr., rafstöðvalán til bænda, 4 000 þús. kr., falla niður, en á móti hækka framlög vegna jarðhitaleitar um 2 100 þús. kr. Rétt er að taka fram, að þó að framlag vegna rafstöðvalána til bænda falli niður, hefur það ekki í för með sér minnkuð útlán, þar sem sú deild sjóðsins, sem annast þessi lán, mun af eigin rammleik geta afgreitt þær lánsbeiðnir, sem sennilegt má telja að berist.
- 559 **Húsmæðraskólar utan kaupstaða.** Á þessum lið verður 950 þús. kr. lækkun, sem stafar að mestu leyti af lægri áætluðum viðhaldskostnaði.
- 911 **Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.** Heildarhækkun á þessum lið nemur 1 248 þús. kr. Vegna stíxaxandi verkefna skrifstofunnar verður ráðinn bókarí, og hefur það í för með sér 143 þús. kr. útgjaldaaukningu. Ræstingarlaun hækka um 190 þús. kr. og verðlagsuppbætur á laun um 105 þús. kr. Þannig lækkar launaliður í heild um 438 þús. kr. Önnur rekstargjöld hækka um 810 þús. kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar við byggingarnar á Keldnaholti og fasteignagjalda af þeim, en á árinu 1969 tekur Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins til starfa þar. Allur kostnaður af þessu tagi færir sem kunnugt er á skrifstofuna.
- 999 **Ýmislegt.** Á þessum lið verður 250 þús. kr. lækkun, vegna þess að framlag til kvikmyndartöku vegna kynningar á sjóvinnu í sjónvarpi fellur niður.

04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting lækkar um 194 þús. kr. Launaliður lækkar um 664 þús. kr., og stafa 350 þús. kr. af því, að þar hafa verið færð laun veitingahúsaeftirlitsmanna, en kostnaður þessi er innheimtur af veitingahúsum og færður aftur sem tekjur aðalskrifstofunnar. Aðrar launahækkningar eru að mestu vegna eðlilegra verðlagsuppbóta og launaskatts, tryggingagjalda o. fl. Á móti lækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 200 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 308 þús. kr.
- 202 **Hæstiréttur.** Lækkun sú, er fram kemur á þessum lið, 1 920 þús. kr., stafar að verulegu leyti af því, að laun hæstaréttardómara eru færð á sérstakan lið undir æðstu stjórn landsins, eins og fram kemur í athugasemdum við þann lið.
- 203 **Saksóknari ríkisins.** Sú 368 þús. kr. hækkun, sem fram kemur á þessum lið, skýrist af verðlagsuppbótum á laun, aukinni sérfræðilegri aðstoð við rannsóknir og aukavinnu.
- 204 **Borgardómaraembætti.** Liðurinn lækkar um 853 þús. kr., vegna þess að lokið er öllum greiðslum í sambandi við flutning embættisins í nýtt húsnæði.
- 205 **Borgarfégetaembætti.** Fjárveiting lækkar um 1 260 þús. kr., sem stafar m. a. af því, að stofnunin mun flytja í nýtt húsnæði, og lækkar við það húsaleiga auk þess sem leggja þarf í ýmsan stofnkostnað. Er gert ráð fyrir, að kostnaður af þessu tagi valdi um 900 þús. kr. af hækkuninni. Þess skal getið í þessu sambandi, að núverandi húsnæði embættisins er talið mjög ófullnægjandi, og stendur það í vegi fyrir nauðsynlegum skipulagsbreytingum á rekstri embættisins, sem ákveðið hefur verið að ráðast í, þegar aðstæður skapast í hinu nýja húsnæði. Að öðru leyti stafar hækkunin af ráðningu nýs ritara, 191 þús. kr., verðlagsuppbótum á laun, 80 þús. kr. og kostnaðarhækkun á ýmsum liðum, 89 þús. kr.

- 207 **Lögreglustjórinn í Reykjavík.** Á þessum lið verður 1 310 þús. kr. lækkun, sem kemur þannig fram, að vextir, sem voru 1 322 þús. kr. í fjárlögum 1968, eru nú færðir á sérstakan lið, Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík. Á móti hækkar rekstrarkostnaður vegna verðlagsuppbóta á laun og annarra kostnaðarhækkana um samtals 312 þús. kr., en leigutekjur af nýju lögreglustöðinni eru áætlaðar 300 þús. kr.
- 208 **Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík.** Sjá skýringar á næsta lið á undan varðandi vexti. Byggingarframlag er óbreytt frá fjárlögum 1968.
- 210 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Liðurinn hækkar um 600 þús. kr., en hér er eingöngu um tilfærslu að ræða af liðnum Dómsmál, þ. e. pappír, prentun, einkennisbúningar o. fl., sem eðlilegra er talið að séu á þessum lið.
- 228 **Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal.** Á þessum lið verður 238 þús. kr. hækkun, sem stafar að verulegu leyti af því, að heimiluð hefur verið ráðning fulltrúa, en það var talið nauðsynlegt vegna erfiðleika í samgöngumálum innan umdæmisins, sem hefur í för með sér tímafrek ferðalög.
- 229 **Sýslumaðurinn, Hvolsvelli.** Á liðnum verður 386 þús. kr. hækkun, og er meginsökkin fólgin í því, að ráðgert er að ráðast í bráðnauðsynlegar endurbætur á sýslumannsbústað. Er miðað við, að verkið skiptist á tvö ár.
- 233 **Sýslumaðurinn og bæjarfógetinn, Hafnarfirði.** Liðurinn lækkar um 489 þús. kr., einkum vegna þess að kostnaði við flutning embættisins í nýtt húsnæði lýkur á árinu.
- 244 **Vinnuhælið á Litla Hrauni.** Á þessum lið verður 818 þús. kr. hækkun að meðtalinni 300 þús. kr. tekjulækkun. Launaliður hækkar um 384 þús. kr. vegna verðlagsuppbóta, aukavinnu vegna veikindaforfalla og hækkunar læknilauna, og önnur rekstrargjöld hækka um 134 þús. kr., er skiptast á ýmsa liði.
- 247 **Landhelgisgæzla.** Liðurinn hækkar um 4 228 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir framlagi til Landhelgisjóðs að upphæð 5 440 þús. kr. vegna vaxta og afborgana af lántöku í sambandi við sniði hins nýja varðskips Ægis, þannig að kostnaður við rekstur lækkar um 1 212 þús. kr. Sú breyting er fyrirhuguð, að Landhelgisgæzlan yfirtaki rekstur vitaskipsins Árvakurs og annist þjónustu við vitana og hafnir í samráði við vitamálastjórn. Sé tekið tillit til kostnaðarlækkunar hjá vitamálastjórn vegna þessarar skipulagsbreytingar verður um að ræða heildarsparnað, er nemur 9 212 þús. kr.
- 252 **Bifreiðaeftirlit.** Gert er ráð fyrir, að fjárveiting hækki um 454 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar á laun, nálægt 380 þús. kr., og kostnaðarhækkana á ýmsum öðrum rekstrarliðum. Þá virðast laun hafa verið nokkuð vanáætluð í fjárlögum 1968.
- 253 **Almannavarnir.** Í lögum nr. 5/1968 um lækkun ríkisútgjalda var fjárveiting til almannavarna lækkuð um 3 000 þús. kr. Er gert ráð fyrir, að fjárveiting eftir lækkun verði óbreytt frá 1968.
- 281 **Dómsmál, ýmis kostnaður.** Fjárveiting er áætluð 1 238 þús. kr. hærrí en í fjárlögum 1968, og kemur hækkunin þannig fram: Málskostnaður hækkar um 1 750 þús. kr., laun meðdómsmanna um 221 þús. kr., setu- og varadómara um 125 þús. kr. og aðrir liðir um 9 þús. kr. Á móti fellur út ýmis sameiginlegur kostnaður, sem færður er á liðinn sýslumenn og bæjarfógetar, sbr. athugasemdir við þann lið hér að framan, og var sá kostnaður áætlaður 567 þús. kr. í fjárlögum 1968. Enn fremur er áætluð 300 þús. kr. tekjuaukning á liðnum, og er þar um að ræða endurgreiddan málskostnað.
- 282 **Löggæzla.** Með lögum nr. 5/1968 um lækkun ríkisútgjalda var ákveðið að lækka fjárveitingu vegna löggæzlu um 6 800 þús. kr. Hafa verið undirbúnar bráðabirgðatillögur um endurskipulagningu löggæzlunnar, en gert er ráð fyrir, að endanleg ákvörðun verði tekin um þessi mál í meðferð fjárlaga á Alþingi. Verður þá unnt að framkvæma skiptingu á einstök viðfangsefni. Liðurinn sýnir 4 078 þús. kr. lækkun, sem er mismunurinn á framangreindum 6 800

þús. kr. og óhjákvæmilegum kostnaðarhækkunum vegna verðlagsuppbóta á laun og gildandi reglum um fjölda lögregluþjóna o. fl., en slík atriði valda 2 722 þús. kr. hækkun.

- 283 **Fangamál, ýmis kostnaður.** Lækkunin, 4 425 þús. kr., er fólgin í eftirfarandi: Framlag til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík, 3 150 þús. kr., er fært undir annan lið; framlag til byggingar fangahúsa var lækkað um 560 þús. kr. og til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla um 800 þús. kr. með lögum nr. 5/1968, og er gert ráð fyrir, að sú lækkun haldi sér í fjárlögum 1969. Samtals er hér um að ræða 4 510 þús. kr. lækkun á þessum þremur liðum, en á móti hækka framlög til fangaklefa lögreglunnar í Reykjavík um 77 þús. kr., til fangahúsa utan Reykjavíkur um 26 þús. kr. og til fangahjálpar um 20 þús. kr., og loks hækka tekjur um 38 þús. kr.
- 301 **Landlæknisembættið.** Liðurinn hækkar um 1 442 þús. kr., og kemur hækkunin þannig fram, að kostnaður við berklavarnir, samtals 904 þús. kr., sem áður var færður á ríkisframfærslu, er nú færður undir þennan lið. Auk þess koma til laun læknis vegna sildveiðanna á norðurhöfum, 313 þús. kr., og ljós-mæðralaun hækka um 227 þús. kr. Óverulegar breytingar verða á öðrum liðum.
- 313 **Rannsóknarstofa Háskólans.** Fjárveiting er áætluð 1 087 þús. kr. hærrí en í fjárlögum 1968. Af þeirri hækkun nemur viðbótarkostnaður vegna sérfræðings í meinafræði, sem tekinn var í fjárlög í meðförum á Alþingi, 400 þús. kr., tilfærsla milli launaflokka og verðlagsuppbætur nema 375 þús. kr. og ýmsar aðrar hækkunir 312 þús. kr.
- 371—377 **Ríkisspítalar.** Framlög til rekstrar ríkisspítala eru miðuð við óbreytt daggjöld frá því, sem er í fjárlögum 1968. Eftirfarandi yfirlit sýnir hækkun rekstrarframlaga frá fjárlögum 1968, skipt á einstök sjúkrahús:

	Þús. kr.
Landspítalinn	7 377
Fæðingardeild Landspítalans	1 493
Geðveikrahælið á Kleppi	6 823
Heilsuhælið á Vífilsstöðum	2 580
Heilsuhælið í Kristnesi	÷ 49
Fávítahælið í Kópavogi	1 980

Hækkun samtals 20 204

Byggingarframlög til viðbyggingar og eldhúss Landspítalans eru óbreytt frá fjárlögum 1968, samtals 37 000 þús. kr. og einnig byggingarframlag til Heilsuhælisins í Kristnesi, 1 000 þús. kr. Niður falla hins vegar sérstök framlög vegna viðbótarbyggingar Fæðingardeildar Landspítalans, 2 000 þús. kr. og Fávítahælisins í Kópavogi, 400 þús. kr. Verður því 1 400 þús. kr. heildarlækkun á byggingarframlögum til ríkisspítala, þannig að heildarframlög til rekstrar og bygginga hækka um 18 804 þús. kr.

Af hækkun rekstrarframlaga, 20 204 þús. kr., stafa 16 462 þús. kr. af verðlagsuppbótum á laun og tilfærslum milli launaflokka og aldurshækkunum svo og fjölgun sjúkraliða og auknum ræstingarkostnaði. Samþykktir hafa verið tveir nýir sérfræðingar á Landspítalann í hálftr starf hvor, annar í nýrnasjúkdómum og hinn í hjartaþræðingum. Er hér um bráðnauðsynleg verkefni að ræða, því að með því er annars vegar sköpuð aðstaða til meðferðar vissra nýrnasjúkdóma, er hingað til hefur orðið að gerast á sjúkrahúsum erlendis, en möguleikar munu ekki lengur fyrir hendi til að senda viðkomandi sjúklinga úr landi sökum mikils álags í heimalöndunum. Hins vegar skapast aðstaða til greiningar hjartasjúkdóma, sem ekki heldur hefur verið fyrir hendi hérlendis, en tækjum til þess hefur verið komið upp í Landspítalanum. Er talið, að af þessu geti leitt mjög verulegan sparnað í

sambandi við utanfarir sjúklinga. Kostnaðarauki vegna þessara sérfræðinga er áætlaður 721 þús. kr.

Viðhaldsfé ríkisspítalanna er haldið óbreyttu frá fjárlögum 1968, en hækkun á ýmsum öðrum rekstrargjöldum nemur 3 021 þús. kr.

- 382 Fávitar, framfærsla. Hér er um að ræða nýjan lið, sem áður var innifalinn í ríkisframfærslu. Er áætluð 2 014 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1968 vegna fjölgunar vistdaga.
- 399 Ýmis heilbrigðismál. Á þessum lið verður 906 þús. kr. lækkun. Kostnaður við eyðingu meindýra lækkar um 505 þús. kr., en með lögum nr. 5/1968 var ákveðið að hætta þátttöku ríkissjóðs í þeim kostnaði. Byggingarstyrkur til NLFÍ, 320 þús. kr. í fjárlögum 1968, er ekki tekinn inn, þar sem beiðni hefur ekki borizt. Styrkir vegna utanfara sjúklinga, 663 þús. kr., eru ekki teknir inn, þar sem fjárlagabeiðni hefur ekki borizt. Á móti hækka framlög til að bæta héraðslæknisþjónustu um 300 þús. kr., kostnaður vegna héraðshjúkrunarkvenna um 212 þús. kr. og ýmsir aðrir liðir um 70 þús. kr.
- 401 Þjóðkirkjan. Lækkun á þessum lið nemur 2 367 þús. kr., og hafa þá 2 187 þús. kr. verið færðar á nýjan lið, Prestakallasjóð. Þegar tekið er tillit til þess, að í lögum nr. 5/1968 voru útgjöld vegna presta í Kaupmannahöfn og á Keflavíkurflugvelli lækkuð um samtals 670 þús. kr., kemur fram 490 þús. kr. nettóhækkun á kostnaði við þjóðkirkjuna vegna fasteignagjalda og annars rekstrarkostnaðar við biskupsbústað, prentunar kirkjubóka o. fl.
- 473 Prestakallasjóður. Framlög í prestakallasjóð voru talin með fjárveitingum til þjóðkirkjunnar í fjárlögum 1968, sbr. athugasemdir við næsta lið á undan. Eðlilegra þykir, að aðskilja þessa liði í fjárlögum.

05 Félagsmálaráðuneytið.

- 101 Aðalskrifstofa. Á liðnum verður 628 þús. kr. lækkun, en tveir menn hafa hætt störfum í ráðuneytinu vegna tilfærslu á ríkisframfærslu til Tryggingastofnunar ríkisins.
- 271 Tryggingastofnun ríkisins. Heildarframlag vegna lífeyris-, sjúkra- og slysatrygginga að meðtöldum iðgjöldum atvinnurekenda og hinna tryggðu nemur 1 490 200 þús. kr., sem er 196 500 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1968. Þar af nemur hækkun iðgjaldatekna 43 700 þús. kr., þ. e. almannatryggingaiðgjald 28 300 þús. kr. og lífeyrstryggingagjald atvinnurekenda 15 400 þús. kr. Tekjur af slysatryggingaiðgjöldum atvinnurekenda og áhættuiðgjöldum eru áætlaðar óbreyttar frá 1968. Mismunurinn, 152 800 þús. kr., er aukning á framlagi ríkissjóðs og er þar með talinn kostnaður við ríkisframfærslu, sem nú er á vegum Tryggingastofnunar ríkisins. Sá kostnaður nam 121 600 þús. kr. í fjárlögum 1968, þannig að kostnaðaraukning ríkisins nemur 31 200 þús. kr. Heildarkostnaður við sjúkratryggingar að meðtalinni ríkisframfærslu hækkar um 40 300 þús. kr., og er þá tekið tillit til skuldar frá fyrra ári, 6 900 þús. kr. Hins vegar verður lækkun til lífeyrstrygginga um 9 200 þús. kr., en þar var um að ræða 24 200 þús. kr. inneign um s. l. áramót.
- Þess skal getið, að áætlun um framlag til sjúkratrygginga er byggð á eldri lögum, þar sem ekki er enn þá fengin endanleg niðurstaða um framkvæmd laga nr. 83/1967, um breytingu á almannatryggingalögum. Er því gert ráð fyrir, að framangreindar tölur svo og aðrar viðkomandi sjúkrakostnaði geti komið til endurskoðunar í meðförum þingsins, þegar niðurstaða um framkvæmd liggur fyrir. Við samþykkt nýju laganna var gengið út frá því, að hin nýja skipan myndi ekki auka hlutfallslega byrði ríkissjóðs vegna sjúkratrygginganna.
- 272 Framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs. Framlag hækkar um 6 100 þús. kr., þar af iðgjöld atvinnurekenda um 2 100 þús. kr. og framlag ríkissjóðs um 4 000 þús. kr.

- 371 **Húsnæðismálastofnun ríkisins.** Hækkun framlaga nemur 23 032 þús. kr., sem kemur þannig fram: Launaskattur hækkar um 28 000 þús. kr. og byggingasjóðsgjöld af innflutningi og tekju- og eignarskatti um 756 þús. kr., en á móti fellur niður kostnaður við skyldusparnað í samræmi við lög nr. 5/1968, 5 700 þús. kr., og rekstrarkostnaður stofnunarinnar lækkar um 24 þús. kr.
